

Stjórn Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs.

Ár 2017, mánudaginn 10. apríl, var haldinn 162. fundur stjórnar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. Fundurinn var haldinn í húsnæði Sambands sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og hófst kl. 11.30. Viðstödd voru Dagur B. Eggertsson, Ármann Kr. Ólafsson, Áslaug Hulda Jónsdóttir, Haraldur Líndal Haraldsson og Ásgerður Halldórsdóttir. Jafnframt sátu fundinn Jón Viðar Matthíasson, slökkviliðsstjóri, Birgir Finnsson, vara-slökkviliðsstjóri, Birgir Björn Sigurjónsson, fjármálastjóri Reykjavíkurborgar, og Ágúst Þorbjörnsson frá Framsækni ehf. Fundarstjóri var Dagur B. Eggertsson, formaður. Fundarritari var Birgir Finnsson.

Þetta gerðist:

1. Rekstrarúttekt á rekstri SHS, en hún fór fram af Framsækni ehf. fyrir hönd Samtaka sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu. Formanni og slökkviliðsstjóra falið að koma sjónarmiðum SHS á framfæri varðandi reglugerðina um starfsemi slökkviliða og eiga samráð við Mannvirkjastofnun um gerð brunavarnaáætlunar fyrir höfuðborgarsvæðið. Einnig er slökkviliðsstjóra og fjármálastjóra Reykjavíkurborgar falið að endurskoða fjárhagsáætlun SHS fyrir árið 2017 í takt við áherslu stjórnar SHS og rekstrarúttekt.

Næsti fundur verður boðaður sérstaklega.

Fundi slitið klukkan 13.00

Dagur B. Eggertsson

Áslaug Hulda Jónsdóttir
Ásgerður Halldórsdóttir

Ármann Kr. Ólafsson
Haraldur L. Haraldsson